

Hafnarfirði, 13. ágúst 2020

**Efni: Svör við spurningum Bæjarlistans um notendastýrða persónulega aðstoð, sem lagðar voru fram á fundi fjölskylduráðs þann 22.júlí 2020.**

**Hver er yfirskrift þrískiptingarinnar, er eitthvað af þessu dagtaxti?**

*Taxtinn án næturvakta er jafnaðartaxti eða óskilgreindur tími dagsins. Taxi með hvíldarvöktum er sofandi næturvakt og taxi án hvíldarvakta er vakandi næturvakt.*

**Vantar upplýsingar um samanburð á var-verður í þeim tilvikum þar sem fólk færir frá venjulegum taxta yfir í nýjan. Fá einhverjir lægri taxta og þá lægri greiðslur en áður? Óska eftir reiknuðum dæmum hvernig áhrifin verða á notendur.**

*Enginn fær lægri taxta en áður þar sem að jafnaðartaxti hækkar úr 4.289,- í 4.724,-.  
Dæmi um sólarhringssamning án hvíldarvakta var 3.139.548 og verður 3.588.996.-  
Dæmi um sólarhringssamning með hvíldarvöktum var 3.139.548,- og verður 3.270.576.-  
Dæmi um samning með 244 klst. eða 8 tíma*

*þjónusta á sólarhring, var 1.046.516.- verður 1.152.656.-*

**Fær starfsfólk greitt eftir kjarasamningum NPA miðstöðvarinnar? Sem þýðir þá hvað fyrir notandann?**

*Ekki er greitt eftir kjarasamningum NPA miðstöðvarinnar. Nýja tímagjaldið án næturvakta (4.724kr.) er taxtinn frá árinu 2012 (2.800kr.) uppreiknaður með launavísitölu frá 1.1.2012 til 1.1.2020. Hin tvö nýju tímagjöldin (með hvíldavöktum og án næturvakta) eru reiknuð út frá tímagjaldinu án næturvakta og hlutfallsmun milli sömu tímagjalda og eru í þrískiptum taxta hjá Reykjavíkurborg.*

**Starfshópur tekur mið af kjarasamningum Hlífar, hvernig eru þeir kjarasamningar? Er Hlíf með samning við NPA starfsfólk?**

*Tvö verkalýðsfélög í Hafnarfirði ná til starfsmanna í störfum með fatlaða einstaklinga, annars vegar Starfsmannafélag Hafnarfjarðar og hins vegar Verkalýðsfélagið Hlíf. NPA starfsfólki er frjálst að tilheyrja öðru hvoru félaginu.*

**Liggur álit Ráðgjafaráðs/notanda fyrir?**

*Ráðgjafaráð fékk tillögur að reglum um NPA til umfjöllunar og umsagnar og var niðurstaða þeirra höfð til hliðsjónar við gerð reglna um NPA.*



**Mér skilst að bara sé kveðið á um hvíldarvaktir í NPA kjarasamningum, sem er hjá Eflingu. Ætlum við að gera nýjan? Ef svo er má hann vera lægri?**

*Gert er ráð fyrir að næturvöktum án hvíldarvakta í sólarhringssamningi þar sem þeirra er þörf.*

**Á að reikna nýjar launatöflur aðstoðarfólks aftur í tímann, samanber samnings NPA miðstöðvar og Eflingar?**

*Nýir taxtar gilda frá og með 1.júlí 2020*

**Spurningar eru lagðar fram með fyrirvara. Fleiri spurningar vakna væntanlega við nánari skoðun en þá sem tveggja daga frestur gaf kost á.**

*Öllum spurningum verður svarað eins fljótt og auðið er, eftir að þær berast og umræðunni er tekið fagnandi í þessu mikilvæga máli.*

*Virðingarfyllst,*

Sjöfn Guðmundsdóttir  
Deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu